

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 141,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

28. febrúar 1983

Nr. 102

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 581 12. nóvember 1980, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar eru margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Göld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

- a) Vatnsgjald um hemil kr. 590,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b) Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 29,60 fyrir hvern rúmmetra.
- c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar eru að jafnaði lægra en 80° C skal hitaveitan leiðrétt vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um  $\frac{1}{45}$  fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80° C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínútl. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli. Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp-  
hitadar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

- a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir.

Stærð húss	Stofngjald
250 m <sup>3</sup>	kr. 19 630,00
251— 500 m <sup>3</sup>	kr. 19 630,00 + 47,10 kr/m <sup>3</sup> yfir 250 m <sup>3</sup> .
501—1 500 m <sup>3</sup>	kr. 31 410,00 + 27,50 kr/m <sup>3</sup> yfir 500 m <sup>3</sup> .
1 501—6 000 m <sup>3</sup>	kr. 58 910,00 + 17,70 kr/m <sup>3</sup> yfir 1 500 m <sup>3</sup> .
6 000 m <sup>3</sup>	kr. 138 560,00 + 13,80 kr/m <sup>3</sup> yfir 6 000 m <sup>3</sup> .

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 13 730,00, sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

- b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.
- c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a og b.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskíla, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 590,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1983, 1482 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 130 29. janúar 1980, með síðari breytingum.**

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald fyrir hvern hemil kr. 34,10 á mánuði.
- b. Vatnsgjald kr. 56,70 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimædagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 5 670,00 fyrir hvert einbýlishús.